

Leirvogsá

Rannsókn á seiðabúskap 2020

Fiski - Rannsóknir - Ráðgjöf
Jón Kristjánsson, febrúar 2021

Samantekt

Veturinn var harður og snjópungur. Vorhiti á göngutíma seiða var eðlilegur, nærri meðaltali. Gott vatn var í Leirvogsá var allt sumarið og veiðiskilyrði góð. Veiðin var léleg, ekki nema 241 lax. Seiðabúskapur var eðlilegur, en að venju allt of mikið af sumargömlum seiðum þrátt fyrir að hrygningarstofn hafi verið með minnsta móti 2019. Engin 0+ seiði fundust ofan við Tröllafoss og ljóst að hrygning þar 2019 hafi misfarist. Ekki fannst þar mikið af stórum seiðum, sennilega flest gengin út til að skila sér 2022. Ljóst er að hrygningarstofn Leirvogsár er alltaf of stór og því gerir illt verra að sleppa veiddum laxi. Erfitt er að meta hvernig laxgengdin verði komandi sumar, líklega verður hún svipuð og í fyrra.

Inngangur

Mars sá kaldasti í mörg ár og var frost fram í apríl, ákaflega snjópungt og mikill vetur frá í byrjun desember með miklum fárviðrum.

Enn var ekki farið að hlýna að ráði 20. apríl en þann dag voru þó 9 gráður. Aðeins farið að örla á grænum stráum í gegn um sinuna.

Ekkert farið að rigna í byrjun maí, sól flesta daga hiti lágur 6-11 gráður næturfrost 2 daga. Gott vatn var í ánni allt sumarið. Seiðarannsókn á fiskgenga hlutanum var gerð á tímabilinu 25-29. júlí ágúst. Gerðar voru rannsóknir á svæðinu ofan Tröllafoss 15. maí og um miðjan júlí til að kanna árangur sleppinga hrygningarfiska á svæðið. Veitt var á þremur stöðvum, frá rétt ofan ármóta við Stardalsá og allt að hálfa leið að Tröllafossi..



Mynd 1. Neðan við Hrafnhóla 25. ágúst
frá rétt ofan ármóta við Stardalsá og allt

Niðurstöður

Lax og urriði


Mynd 2 sýnir lengdardreifingu laxaseiða 31/7-20/8. Tafla 1 sýnir fjölda og þéttleika laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 4-7. Gott vatn var í ánni og seiðin vel dreifð og skilyrði til veiða mjög góð. Þéttleikinn er miklu minni en 2019 en þá verður að hafa í huga að þá var afar lítið vatn í ánni og mikil samþjöppun á seiðum. Alls veiddust 32 urriðaseiði, öll sumargömul.



Mynd 2. Gott vatn á stöðinni á miðsvæði neðra.

Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	0+		1+		2+		Samtals	Þéttleiki
				m2	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	Fjöldi	ml	
4	O. Hrafnhólabrúar	25/8	50	18	4	11	6.6	3	8.1	32	64
5	N. Hrafnhólabrúar	25/8	50	25	3.8	5	6.4	1	8.3	31	62
6	Miðsvæði efra	29/8	50	27	4.1	14	6.8			41	82
7	Miðsvæði neðra	29/8	40	17	4.4	8	7	4	8.3	29	73
	Samtals:		190	87	4.1	38	6.7	8	8.2	133	70
	Fj/100m2			46		20		4			70


Tafla 1. Fjöldi og meðallengd (ml) veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 4-7 25-29. ágúst 2020 Staðsetning stöðva er sýnd á mynd 12.




Mynd 3. Lengdardreifing veiddra laxaseiða 25-29. ágúst 2020

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51
2015	31	17	2		49
2016	95	22	7		124
2017	45	13	-		59
2018	30	15	3	0.4	48
2019	71	38	16		124
2020	46	20	4		70

Tafla 2. Þéttleiki aldurshópa laxaseiða í Leirvogsá 2008-2020



Mynd 4. Þéttleiki seiðaárganga í Leirvogsá 2008-2020




Mynd 5. Lengdardreifing veiddra urriðaseiða 25-29. ágúst 2020

Svæðið ofan við Tröllafoss

Sumarið 2019 fannst mikið af seiðum fyrir ofan Tröllafoss, öll komin úr sleppingu laxa sem bornir höfðu verið upp fyrir fossinn og komið fyrir í kistu við Stardalsá og sleppt eftir að þeir höfðu jafnað sig. Var um 2 árganga að ræða sumruna, 0+, 5 cm langa og vetrunga, 1+, 8 cm langa, klára til að ganga til sjávar vorið eftir.


Þetta svæði var athugað um miðjan maí 2020 og aftur um miðjan júlí. Engin 0+ seiði fundust svo augljóslega hefur hrygningin árið áður misfarist. Haustið 2019 var sleppt 5 hængum og 5 hrygnum og ljóst að eitthvað hefur misfarist. Hugsanlega má kenna um að fiskurinn var veiddur á stöng og því örþreyttur og uppgefinn. Miklu betra er að taka klakfisk í net, það þreytir hann ekki og flýtir öllu verkferli.



Mynd 6. Lengdardreifing seiða ofan Tröllafoss 15. maí




Mynd 7. Samanburður á stærð seiða ofan og neðan við Tröllafoss (efri röð) 15. maí og neðan við fossinn (neðri röð). Seiðin til hægri eru eins árs, þá koma 2 ára og 3 ára til vinstri.



Mynd 8. Lengdardreifing seiða ofan Tröllafoss 15. júlí

Veiðin

Alls veiddist 241 lax 2020. Þetta er lélegt miðað við að veiðiskilyrði voru góð, nægt vatn allt sumarið. Ég hef ekki séð veiðibækurnar svo lítið annað er um þetta að segja. Ekki er vitað hve margir fiskar voru veiddir í klak.




Mynd 9. Laxveiði í Leirvogsá 2006-2020

Hitafar


Veturinn var snjóþungur og mikill vetur frá í byrjun desember með miklum fárviðrum.

Enn var ekki farið að hlýna að ráði 20. apríl en þann dag voru þó 9 gráður. Aðeins farið að örla á grænum stráum í gegn um sinuna.


Hitamælirinn var settur niður 10. apríl. Hitinn á göngutíma seiðanna var nálægt meðaltali, mynd 10.



Mynd 10. Vatnshiti í Leirvogsá á undirbúningstíma gönguseiða. Rauða línan sýnir 2020



Mynd 11. Vatnshiti í Leirvogsá 10. apríl til 5. júl 2020. Viku millibil er milli lóðréttra lína



Mynd 12. Rafveiðistöðvar í Leirvogsá 2020